

Mál nr. 144/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X): Sveitarfélag

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 16. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 22. ágúst 2020 hafi M, þá sjö ára gömul, verið að hjóla eftir nýlögðum göngustíg í sveitarfélaginu X. Hún hafi farið út fyrir stíginn og ætlað upp á hann aftur þegar hún hafi hjólað á kantinn og steypst fram fyrir sig. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu um atvikið kemur fram að göngustígurinn hafi verið nýlega malbikaður og verið 4 sentimetra brún á hvorri hlið hans. Er þar haft eftir móður M að M hafi verið, ásamt tveimur öðrum börnum, að hjóla eftir stígnum en farið út af stígnum og yfir á malarplan sem liggja meðfram honum, í þeim tilgangi að taka framúr hinum börnunum. Þegar M hafi ætlað aftur inn á göngustíginn hafi hún hjólað á kant hans með framangreindum afleiðingum. M handleggsbrotnaði við fallið. Í málskoti er þess krafist að úrskurðað verði um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem slysið megi rekja til saknæms vanbúnaðar umrædds göngustígs. Hafi frágangur göngustígsins, en ekki hafi verið varað við brúnum hans, falið í sér óvarða slysaöldru, en um sé að ræða göngustíg í íbúðarhverfi sem m.a. börn og aldraðir eiga leið um. Er þá vísað til nánar tilgreindra ákvæða vegalaga nr. 80/2007, þar sem m.a. komi fram að veghaldari, þ.e. X, skuli gæta að umferðaröryggi og því að umferð eigi greiða og góða leið um vegi og að vegum skuli haldið við með eðlilegum hætti. Með því að malbika stíginn með þessum hætti, þ.e. þannig að upphækkun hans hafi verið 4 sentimetrar, hafi X brotið gegn framangreindum áskilnaði og vanrækt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að varna slysum. Þær skýringar X og V sem fram hafi komið í höfnunarbréfi V dags. 30. nóvember 2021, um að gengið hafi verið frá stígnum með venjubundnum hætti séu þá ósannaðar. Sé hætta á annað borð fyrir hendi beri veghaldara að tryggja umferðaröryggi. Beri X því fulla skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir við að reyna að hjóla upp á göngustíginn.

Í bréfi V er lýst þeirri afstöðu að slys M megi rekja til óhapps eða aðgæsluleysis en ekki atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Samkvæmt upplýsingum frá X séu brúnir á stígum og stéttum almennt um 5-15 sentimetra frá götu/undirlagi. Hæð umrædds stígs hafi verið 5 sentimetrar, sem sé þykktin á malbikinu. Til samanburðar séu gangstéttir og gangstéttarkantar almennt 15 sentimetrum ofar en gata. Mishæðir sem þessar séu því víða. Unnt sé að þökuleggja meðfram stígum en það sé ekki algild framkvæmd. Ekki sé sýnt fram á að um brot gegn lögum nr. 80/2007 hafi verið að ræða né brot á öðrum lögum eða reglugerðum við lagningu og frágang stígsins. Umrædd kantbrún hafi ekki verið hættuleg eða falið í sér frekari hindrun en almennt megi gera ráð fyrir.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Takist slík sönnun ekki ber tjónþoli hallann af því. Af framansögðu byggir M á því að brún göngustígsins hafi verið of há. Af framlögðum ljósmyndum af göngustígnum á slysdegi má ráða að brún stígsins, þ.e. mishæðin milli hans og aðlægs malarplans sem M hjólaði út á, hafi verið vel greinileg. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að frágangur stígsins, hvað verðar hæð kantsins eða aðra þætti, hafi verið í andstöðu við lög eða reglur, eða að það sé í sjálfu sér óeðlilegur frágangur að hæðarmismunur sé milli göngustígs og umhverfis hans. Er þá ekki fallist á að sýnt sé að X, sem veghaldari, hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt vegalögum. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki uppfyllt og að um óhappatilvik hafi verið að ræða þegar M hjólaði á kant stígsins með þeim afleiðingum að hún hlaut líkamstjón.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, sveitarfélags hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir